

Náttúran – verkefni um fjöll.

1. Þorbjarnarfell er bæjarfjall Grindavíkur. Veltið fyrir ykkur og skráið niður:
 - a. Hvað haldið þið að fjallið sé hátt?
 - b. Hversu gamalt haldið þið að fjallið sé?
 - c. Haldið þið að það sé eldvirkni í því?
 - d. Hvaðan skyldi fjallið hafa fengið nafnið sitt?
 - e. Haldið þið að það séu einhverjar þjóðsögur tengdar fjallinu?
 - f. Nú skulið þið kynna ykkur á Internetinu hverjar réttar upplýsingar eru og skrá hjá ykkur.
 - g. Ræðið saman um niðurstöðurnar og veljið ykkur leið til að kynna niðurstöðurnar fyrir samnemendum ykkar.
2. Búið til líkan/skúlpúr af fjalli þar sem fyrirmyndin er Þorbjarnarfell. Notið t.d. pappír, lím og málningu eða þau efni sem ykkur finnst henta til verksins.
3. Á hverju ári í kringum sólstöðuna 21. júní er haldin sólstöðuganga í Grindavík.
 - a. Notið Internetið til þess að kynna ykkur hvað sólstöður eru.
 - b. Kynnið ykkur gönguna og þá leið sem farin er. Er einhver skipulögð dagskrá tengd göngunni?
 - c. Segið frá fjallgöngu sem þið hafið farið í, annað hvort í máli eða myndum eða hvoru tveggja.
4. Á Þorbjarnarfelli og við fjallið eru margar gönguleiðir sem hægt er að nýta sér í góðu veðri.
 - a. Kynnið ykkur þessar leiðir. Eiga einhverjar sér nafn?
 - b. Veljið ykkur eina gönguleið til kynningar. Þið getið t.d. búið til veggspjald þar sem þið kynnið eina gönguleið.
5. Efst í Þorbjarnarfelli er upplýst ártal sem breytist klukkan tólf á gamlárskvöld þegar nýtt ár gengur í garð.
 - a. Kynnið ykkur hvernig breytingin á ártalinu fer fram.
6. Notið leitarvél á vefnum og kynnið ykkur hvaða fleiri fjöll eru í Grindavík.
 - a. Finnið ykkur kort af Grindavík og merkið fjöllin inn á.
 - b. Berið þau saman við Þorbjarnarfell, t.d. hæð, aldur og gerð.
 - c. Nú skulið þið ganga upp á Þorbjarnarfell og taka myndir af þeim fjöllum sem þið sjáið þaðan.

- d. Veljið ykkur eitt fjall til kynningar og notið m.a. myndirnar sem þið tókuð ofan af Þorbjarnarfelli. Þið getið t.d. notað MovieMaker til að búa til stuttmynd um fjallið eða samið ferðasögu sem þið myndskreytið.